




Vöktun náttúruverndarsvæða á Vesturlandi 2021

Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee, mars 2022




Náttúrustofa Vesturlands

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Selir við Ytri Tungu	3
Ástand áningarstaða	7
Ábúð refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli	32
Mófuglar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli	33
Þjargfuglar á Snæfellsnesi og Breiðafirði	35
Fuglalíf á Mýrum og í Andakíl	36
Blesgæsir á Hvanneyri.....	39
Að lokum.....	39

Inngangur

Sumarið 2021 var annað sumar vettvangsvinnu í verkefninu *Vöktun náttúruverndarsvæða*. Náttúrustofa Vesturlands tók að sér sjö skilgreind verkefni (1. mynd). Hér verður stuttlega sagt frá hverju og einu þeirra, þar á meðal tilgangi, helstu aðferðum og hvernig framkvæmd þeirra gekk. Ekki er um eiginlega úrvinnslu gagna að ræða.



1. mynd. Athugunarsvæði Náttúrustofu Vesturlands sumarið 2021. Stór blár punktur er við selasvæðið á Ytri Tungu, bleikir punktar á athugunarsvæðum áningarstaða ferðamanna, blár og appelsínugulir hringir um fuglatalningarsvæði, gulgrænir punktar sýna sjö þjargfuglabyggðir sem voru heimsóttar, rauður hringur er utan um svæðið þar sem ábúð refagrenja var könnuð og ljósgrænir punktar sína þrjú mófuglasnið í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Selir við Ytri Tungu

Tilgangur: Að vakta áhrif ferðamanna á seli við Ytri Tungu í Staðarsveit á sunnanverðu Snæfellsnesi.

Framkvæmd

Fjöldi, dreifing og atferli sela og ferðamanna var skráð sumarið 2021 á sama hátt og sumarið 2020. Tveir athugunarmenn komu sér fyrir á tveim ólíkum athugunarstöðum á Ytri Tungu og skráðu fjölda og atferli sela í 8 atferlisflokka á 15 mínútna fresti í 4 klst. samfleytt í kringum háfjöru. Á sama tíma var fjöldi, samsetning, dreifing og atferli ferðamanna skráð og gefin truflunareinkunn út frá fjarlægð, hreyfingu og hávaða. Athugunarsvæðið er nokkuð víðfeðmt og landslag þannig að ekki sjást allir selir frá athugunarstöðum. Þess vegna var notast við dróna sem flaug yfir svæðið og tók kortlagningarmyndir, sem síðar var talið af. Notast var við aðferðafræði, sem í grunninn byggir á rannsókn Söndru Granquist og Hrefnu Sigurjónsdóttur¹ en var þróuð frekar sumarið 2020 (sbr. ²). Framkvæmdin gekk hnökralaust, að því frátöldu að veður var óhagstætt sumarið 2021, sérstaklega framan af sumri. Verkefnið var unnið með leyfi landeiganda, Stefáns Friðfinnssonar, og var honum haldið upplýstum um framgang verkefnisins.

Niðurstöður

Niðurstöður hafa verið skráðar í Excel-gagnagrunn en úrvinnsla niðurstaðna sumarsins 2021 er skammt á veg komin, enda ekki innifalin í verkefninu eins og það er skilgreint.

Eigendur Ytri Tungu settu upp bílateljara á afleggjaranum niður að selaskoðunarsvæðinu þann 6. ágúst 2017, sem gefur hugmynd um fjölda ferðamanna á svæðinu síðan þá. Tölur úr teljaranum sýna að svæðið var nokkuð fjölsótt sumarið 2021 og náði líklega hámarki í lok júlí, þegar hátt í 300 bílar komu á svæðið á degi hverjum. Gestir voru miklu fleiri sumarið 2021 en 2020, þegar færri voru á ferli vegna takmarkana í heimsfaraldri. Sumarið 2021 var gestafjöldinn þó engu að síður miklu minni en sumarið 2019 þegar að jafnaði komu fleiri en 300 bílar á svæðið á degi hverjum, þar með taldar rútur (2. mynd).


Selir voru taldir af drónalofthmyndum sem teknar voru 13 mismunandi daga sumarsins frá því snemma í júní fram í fyrri hluta september. Mesti fjöldi sela kom fram í talningum 2., 17. og 18. júlí en árið 2020 var hámarksfjöldi talinn 29. júní (3. mynd). Í öllum talningum sást talsvert af kópum; flestir í talningu dagana 19. júlí (19) og 26. ágúst (22) (4. mynd).

Sumarið 2021 var atferli sela skráð 7.367 sinnum og ferðamanna 4.510 sinnum í 13 heimsóknum, samanborið við 5.172 skráningar á atferli sela og 1.300 á atferli ferðamanna í 12 heimsóknum árið 2020 (5. mynd). Margir ferðamenn sýndu selunum tillitssemi en alltof margir gerðu það alls ekki og kom það skýrt fram í atferli selanna ef fólk fór of nærri eða gaf frá sér hávær hljóð. Viðbrögðin voru allt frá því að vera tiltölulega væg (reist höfuð) upp í ofsahræðslu og flótta. Ferðamenn sýndu ítrekað óviðeigandi


¹ Granquist, S.M. & Sigurjonsdóttir, H. 2014. The effect of land based seal watching tourism on the haul-out behaviour of harbour seals (*Phoca vitulina*) in Iceland. *Applied Animal Behaviour Science* 156. 85-93.

² Menja von Schmalensee & Róbert A. Stefánsson. 2020. Vöktun á áhrifum ferðamanna á seli við Ytri Tungu á Snæfellsnesi. Hluti af verkefninu Vöktun náttúruverndarsvæða 2020. Óútgefin frumskýrsla, okt. 2020, 25 bls.


hegðun sem mögulega getur haft talsverð neikvæð áhrif á þá fjölmörgu seli sem nota svæðið til hvíldar. Í viðleitni til að bæta atferli ferðamanna á svæðinu hannaði Menja von Schmalensee, starfsmaður Náttúrustofu Vesturlands, tvö ný skilti (6. mynd) sem landeigandi lét framleiða og setja upp á þremur áberandi stöðum á selaskoðunarsvæðinu sumarið 2021. Vonast er til að þau stuðli að betri umgengni um svæðið en ljóst er að þau duga ekki til að truflun ferðamannanna verði ásættanleg, sbr. að þrátt fyrir skiltin fóru sumir ferðamenn alltof nærri selunum (7. mynd).




2. mynd. Bílateljari var settur upp á afleggjaranum að selaskoðunarsvæðinu við Ytri Tungu í Staðarsveit síðsumars 2017. Í lok október 2021 hafði hann talið ríflega 120 þúsund bifreiðar. Áberandi fæstir gestir heimsóttu svæðið sumarið 2020 en sumarið 2021 fjölgaði þeim aftur. Á einu ári frá 29. október 2020 til 21. október 2021 heimsóttu ríflega 24 þúsund bílar svæðið, flestir á tímabilinu frá lokum júlí til loka ágúst þegar þeir voru að jafnaði 237 á dag.



3. mynd. Fjöldi sela á athugunarsvæðinu við Ytri Tungu sumurin 2020 (rautt) og 2021 (blátt) skv. talningum af loftmyndum.



4. mynd. Fjöldi sela á athugunarsvæðinu við Ytri Tungu sumarið 2021. Appelsínuguli hluti súlnanna eru kópar. Framan af sumri er fremur auðvelt að greina þá frá eldri dýrum á loftmyndum en verður öruggara þegar líður á sumarið.



5. mynd. Hlutföll mismunandi atferlisflokka sela við Ytri Tungu skv. athugunum sumrin 2020 og 2021. „Alert“ þýðir að selurinn var árvökull, HULA stendur fyrir „Höfuð Uppi en Lokuð Augu og „Flush“ þýðir að selur hafi flúið út í sjó.



6. mynd. Við bílastæðið á Ytri Tungu er fræðsluskilti um seli og selaskoðun, sem unnið var af Náttúrustofu Vesturlands fyrir landeiganda og sett upp árið 2015. Þar kemur m.a. fram að fólk skuli ekki fara of nærri selunum og ganga rólega og hljóðlega um svæðið. Athuganir sumarið 2020 sýndu að margir ferðamenn virtust ekki átta sig á þessum reglum. Þess vegna hannaði Menja von Schmalensee tvö ný skilti (sjá mynd) sem landeigandi lét framleiða og setja upp á þremur áberandi stöðum á selaskoðunarsvæðinu um miðjan júlí 2021. Gögnin hafa ekki enn verið greind m.t.t. þess hvort merkja megji breytingu á atferli ferðamanna eftir að þau voru sett upp. Þess má þó geta að hlutfall atferlisflokka hjá selum, sbr. 5. mynd, virðist ekki hafa breyst til muna þrátt fyrir að mun fleiri ferðamenn heimsóttu svæðið 2021 en 2020. Mögulega hafa skiltin því dregið eitthvað úr neikvæðum áhrifum.



7. mynd. Margir ferðamenn sýna selunum nærgætni en því miður á það ekki við um alla, sbr. fólkið sem þessi mynd sýnir. Myndin er tekin með 400 mm aðdráttarlinsu í um 300 metra fjarlægð og lítur því út fyrir að fólkið sé enn nær selunum tveim en það var í raun og veru. Engu að síður var það langt innan við þá lágmarksfjarlægð (100 m) sem tilgreind er á fjórum mismunandi skiltum á selaskoðunarsvæðinu. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 30. júlí 2021.

Grípa þarf til frekari ráðstafana til að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á seli við Ytri Tungu. Við það skapast frábært tækifæri til að mæla áhrif verndaraðgerða með áframhaldandi vöktun á atferli sela og ferðamanna. Mikilvægt er því að halda áfram vöktun á áhrifum ferðamanna á seli við Ytri Tungu. Heimamenn vilja stuðla að aukinni vernd selanna og skoða til að mynda þann möguleika að friðlýsa svæðið, sem þá yrði fyrsta svæðið á Íslandi sem sérstaklega yrði friðað vegna sela. Starfsfólk Náttúrustofunnar hefur fundað með hagsmunaaðilum vegna málsins.

Ástand áningarstaða

Tilgangur: Að afla grunnupplýsinga um ástand og álag á nokkrum áningarstöðum ferðamanna á Vesturlandi og meta hvort ástæða sé til að vakta þau vegna álags.

Framkvæmd

Eftirfarandi svæði voru heimsótt og gagna aflað í byrjun júní og byrjun september 2020:

- Surtshellir/Hallmundarhaun
- Oddauppsprettur
- Hraunfossar/Barnafoss
- Lambeyrarkvísl
- Landbrotalaug
- Rauðamelsölkelda
- Skonsur við Horn
- Áningarstaður við Selvallavatn
- Berserkjahraun við afleggjara að Bjarnarhöfn

Ekki var talin þörf á að heimsækja Rauðamelsölkeldu, Hallmundarhraun, Oddauppsprettur og Hraunfossa aftur sumarið 2021 en endurtaka þurfti myndatökur til að gera myndkort af Lambeyrarkvísl og Skonsum vegna tæknilegra örðugleika 2020.

Nokkrum nýjum stöðum var bætt við árið 2021 og voru því eftirfarandi staðir heimsóttir í ágúst 2021:

- Súgandisey í Stykkishólmi
- Helgafell í Helgafellssveit
- Berserkjahraun í Helgafellssveit
- Grundarfoss við Grundarfjörð
- Kirkjufellsfoss við Grundarfjörð
- Öndverðarnes í Þjóðgarðinum Snæfellsj.
- Malarrif í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
- Svalpúfa í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
- Jökulháls við Snæfellsjökul
- Áningarstaður við Selvallavatn
- Skonsur við Horn
- Landbrotalaug í Hnappadal
- Sturlungalaug/Rauðamelslaug við Syðri-Rauðamel
- Eldborg í Hnappadal
- Straumsfell (áningarstaður) á Skógarströnd
- Grábrók í Borgarfirði
- Lambeyrarkvísl í Borgarfirði

Á hverju svæði voru teknar ljósmyndir með dróna; annars vegar yfirlitsmyndir en hins vegar kortlagningarmyndir. Á jörðu niðri var gengið um svæðið og ljósmyndir teknar á völdum stöðum sem þóttu sýna ágang ferðamanna eða geta gefið góða vísbendingu um ástand svæðisins og breytingar á því, t.d. göngustíga og traðk. Slíkir staðir voru staðsettir með GPS tæki og stefna myndatöku í gráðum tekin með áttavita.

Helstu niðurstöður

Valin svæði eru greinilega afar mismikið sótt af ferðamönnum og í mismunandi ástandi. Sum eru mjög fjölsótt en önnur enn ekki komin inn á ratsjá ferðamanna. Þau fjölsóttustu eru væntanlega *Grábrók*, *Kirkjufellsfoss* og *Svalpúfa* en væntanlega er minnst umferð fólks að *Lambeyrarkvísl*. Teljarar eru staðsettir í Súgandisey og við Grábrók (<https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/fjoldi-ferdamanna-a-afangastodum>).

Súgandisey: Eyja við Stykkishólmshöfn, sem tengd var meginlandinu með hafnarframkvæmdum á 9. áratug 20. aldar (8. mynd). Ferjubryggja Baldurs vegna siglinga yfir Breiðafjörð er við eyjuna og er mikill straumur ferðamanna að vitanum sem stendur á toppi eyjarinnar og eftir göngustígum sem liggja um eyjuna. Stykkishólmsbær hefur lagt göngustíga og byggt upp áningarstaði á eyjunni. Eyjan er að mestu leyti girt hömrum, þar á meðal fallegu stuðlabergi. Áberandi munur er á tegundasamsetningu fléttna eftir því í hvaða átt klettarnir snúa. Þetta er mest áberandi á suðausturhorni eyjarinnar. Eyjan, er vel gróin graslendi að ofan og finnst fjallavíðir í litlum mæli í eyjunni (þarf að skoða nánar 2022 til að staðfesta að ekki sé um loðvíði að ræða). Í Súgandisey verpa reglulega þúfutittlingar og maríuerlur og í klettunum stöku sinnum hrafnar (síðast árið 2020). Einnig eru þar líklega einhver teistuhreiður, þótt það hafi ekki verið kannað nýlega. Ný tillaga að deiliskipulagi eyjarinnar var auglýst haustið 2021, sbr.

<https://www.stykkisholmur.is/frettir/stok-frett/2021/12/21/Tillaga-ad-deiliskipulagi-Sugandiseyjar-i-Stykkisholmsbae/>.

Eyjan ber þess merki að þar er mikið um gangandi ferðamenn. Þetta er skýrast á toppum eyjunnar þar sem jarðvegur er þunnur og fólk stýttir sér leið á milli göngustíga (9. mynd).

Ljósmyndir (121 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 60 metrar yfir brottfararstað uppi á vestanverðri eyjunni.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Súgandisey má sjá hér: <https://map.is/base/@324964,514116,z11,0>.



8. mynd. Súgandisey (í forgrunni) og Stykkishólmur. Horft í suður. Ljós. með dróna: Róbert A. Stefánsson, 17. ágúst 2021.



9. mynd. Við vitann á toppi Súgandiseyjar. Þarna sér talsvert á gróðri vegna traðks utan stíga. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 17. ágúst 2021.

Helgafell: Lágt fell sem stendur við samnefndan bæ, Helgafellskirkju og Helgafellsvatn. Sögufrægt býli og vinsæll útsýnisstaður. Sú saga fylgir göngu upp á fellið að í fyrsta sinn sem gengið er á það, þá fái maður þrjár óeigingjarnar óskir uppfylltar ef maður gengur frá leiði Guðrúnar Ósvífursdóttur upp á topp fellsins og horfir í austur á meðan óskirnar eru bornar upp. Áður lá gönguleiðin frá kirkjunni en hún hefur verið færð að austuröxl fellsins, til að losna við umferð ferðamanna um hlað bæjarins (10. mynd). Gróðurfar fellsins einkennist af lyngmóagróðri og ber merki um talsverða sauðfjárbreit. Gróðurþekja minnkar þegar ofar dregur og er nær horfin á toppi fellsins eftir traðk undanfarinna ára og að líkindum beitar- og vindálag þar á undan (11. mynd). Umferð fer um afmarkaðan göngustíg á leiðinni upp en engin stýring er uppi á fellinu, þannig að allt svæðið er troðið. Æskilegt væri að afmarka svæði fyrir gangandi umferð og mögulega græða upp svæði þar sem gróður hefur eyðst.

Ljósmyndir (210 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 60 metrar yfir brottfararstað uppi á Helgafelli.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Helgafelli má sjá hér: <https://map.is/base/@324530,509890,z10,0>.



10. mynd. Helgafell í Helgafellssveit. Horft í aust-norðaustur. Bílastæði neðst til hægri og gönguleið þaðan upp á fellið. Gróður að mestu horfinn ofan af fellinu. Ljós. með dróna: Róbert A. Stefánsson, 17. ágúst 2021.



11. mynd. Horft í vestur af toppi Helgafells. Engin gönguleið er afmörkuð þegar komið er upp á hæsta hluta fellsins og er gróðurhulan nær alveg horfin á því svæði, a.m.k. að hluta vegna ágangs ferðamanna. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 17. ágúst 2021.

Berserkjahraun við afleggjara að Bjarnarhöfn: Á gatnamótum Snæfellsvegar (54) og Helgafellssveitarvegar (577) hefur orðið til „sjálfssprottinn“ áfangastaður þar sem fólk stoppar og gengur út í úfið, fallett og mosavaxið Berserkjahraun. Myndataka frá árinu 2020 var endurtekin þann 18. ágúst 2021. Um svæðið liggur net af gönguslóðum sem ná nokkuð inn í hraunið (12. mynd). Gróðurfarið er mjög viðkvæmt og þolir þessa umferð illa. Engir innviðir eru á svæðinu og hætt við að svæðinu haldi áfram að hraka. Því er brýnt að afmarka gönguleiðir og loka villustígum.

Ljósmyndir (136 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna líkt og árið 2020. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 50 metrar yfir brottfararstað á bílastæði við fræðsluskilti.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Berserkjahrauni má sjá hér: <https://map.is/base/@313690,502530,z11,0>.



12. mynd. Berserkjahraun. Horft í vestur í átt að Þjóðvegi og Bjarnarhafnarfjalli. Mosagróður hraunsins er talsvert troðinn í neti af óskipulögðum troðningum sem orðið hafa til vegna ágangs ferðamanna. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 18. ágúst 2021.

Grundarfoss við Grundarfjörð: Hár og fallegur foss í botni Grundarfjarðar (13. mynd). Risastóra mynd af honum má sjá í Leifsstöð við Keflavíkurflugvöll. Bílastæði er við Snæfellsnesveg og þaðan er gengið um hlið og eftir beinum, sléttum og bílfærum troðningi um 650 metra í suðurátt að vatnsbóli Grundfirðinga. Gengið er fram hjá því með fram girðingu og eftir frumstæðari stíg í átt að Grundarfossi. Troðningur er mjög óverulegur á svæðinu og engar skemmdir að sjá á gróðri eða jarðminjum.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Grundarfossi má sjá hér: <https://map.is/base/@300462,496747,z10,0>.



13. mynd. Grundarfoss. Horft í suður. Þrátt fyrir nokkra umferð um svæðið að undanfögnu var ekki að sjá skemmdir vegna ágangs ferðamanna. Ljós. með dróna: Róbert A. Stefánsson, 17. ágúst 2021.

Kirkjufellsfoss við Grundarfjörð er einn fjölsóttasti ferðamannastaður á Vesturlandi. Þangað kemur fólk einkum til að ná mynd af þessum litla fossi með Kirkjufell í bakgrunni (14. mynd). Þessi áningarstaður hefur látið talsvert á sjá þrátt fyrir nokkrar framkvæmdir við stígagerð. Nýverið var skipulagi svæðisins breytt, bílastæðið og aðkoman færð vestur yfir hálsinn og þar gert stórt, malbikað bílaplan. Fólk fer þó enn mikið út fyrir merka göngustíga til að ná „betri“ ljósmyndum og er traðk því talsvert við ána. Finna þarf leiðir til að halda fólki innan merktra göngustíga.

Ljósmyndir (204 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 60 metrar yfir brottfararstað á malbikuðu bílastæði.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Kirkjufellsfossi má sjá hér: <https://map.is/base/@296246,498739,z11,0>.



14. mynd. Kirkjufellsfoss við Grundarfjörð. Vinsæll áningarstaður ferðamanna sem flestir vilja ná ljósmynd af Kirkjufelli og fossinum frá ákveðnu sjónarhorni (mynd til vinstri). Innviðir svæðisins hindra fólk ekki í að fara út fyrir merкта stíga en á hægri myndinni má t.d. sjá tvo ljósmyndara þétt upp við ána og átroðning neðan við fossinn. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 17. ágúst 2021.

Öndverðarnes er á norðvesturodda Snæfellsness í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli (15. mynd). Frá Þjóðveginum í gegnum Þjóðgarðinn liggur hlykkjóttur vegur, sem í fyrstu er bundinn slitlagi en frá Skarðsvík er hann gamaldags, oft holóttur og hægfarinn malarvegur. Skammt sunnan við Öndverðarnes er annar vinsæll áningarstaður við Skálasnaga og Saxhólsbjarg (Svörtuloft), sem er bjargfuglabýggð. Búið var á Öndverðarnesi og er þar grösugra en annars staðar í nágrenninu. Þar er fremur algengt að sjá refi í ætisleit í fjöru eða við fuglabjörgin og eru allmargir þekktir staðir í nágrenninu þar sem refir hafa verið með greni. Ábúið hefur oft verið staðfest þar undanfarin ár.

Frá bílastæðinu við vitann liggja stígar, m.a. að brunninum Fálka. Svæðið lítur mjög vel út og var ekki að sjá skemmdir vegna ágangs ferðamanna (14. mynd).

Svæðið fékk 8,45 í ástandsmati Umhverfisstofnunar árið 2020 og voru það helst innviðir sem drógu einkunnina niður:

<https://ust.is/library/sida/Nattura/%c3%81standsmat%20fer%c3%b0amannasta%c3%b0a%20innan%20fri%c3%b0l%c3%bdstra%20sv%c3%a6%c3%b0a-2020%20yfirlestur.pdf>

Ljósmyndir (112 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 60 metrar yfir brottfararstað hjá vitanum.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Öndverðarnesi má sjá hér: <https://map.is/base/@261349,496784,z11,0>.



15. mynd. Öndverðarnes, norðvesturoddi Snæfellsnes og innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Horft í suðurátt. Saxhólsbjarg hægra megin og vitinn hægra megin við miðja mynd. Á myndinni glittir í Snæfellsjökul undir skýjum ofarlega til vinstri og lengst til vinstri er Skarðsvík. Ljós. með dróna: Róbert A. Stefánsson, 20. ágúst 2021.



16. mynd. Öndverðarnes virðist ráða vel við þann fjölda ferðamanna sem heimsótt hefur svæðið undanfarin ár. Til vinstri má sjá hluta af þeim stígum sem liggja um svæðið en til hægri sést opið inn í brunninn Fálka, sem eru friðlýstar fornleifar. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 20. ágúst 2021.

Malarrif er syðst í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, í suður frá jöklinum sjálfum. Þaðan var útgerð og útræði öldum saman en í dag rekur Þjóðgarðurinn þar gestastofu. Frá gestastofunni liggur vinsæl gönguleið með ströndinni að Lóndröngum og Svalþúfu (hægra megin og ofan við miðja 17. mynd), sem m.a. hýsir bjargfuglabýggð. Nokkrar framkvæmdir hafa verið við gestastofuna að undanfögnu, m.a. malbikun nýs bílastæðis (18. mynd). Almennt séð lítur svæðið mjög vel út og virðist ágangur ferðamanna ekki hafa valdið umtalsverðum, sýnilegum skemmdum á náttúru svæðisins.

Svæðið fékk 9,27 í ástandsmati Umhverfisstofnunar árið 2020 en til að svæði standi vel þarf það að ná a.m.k. 8 í einkunn:

<https://ust.is/library/sida/Nattura/%c3%81standsmat%20fer%c3%b0amannasta%c3%b0a%20innan%20fri%c3%b0l%c3%bdstra%20sv%c3%a6%c3%b0a-2020%20yfirlestur.pdf>

Ljósmyndir (233 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 100 metrar yfir brottfaranstað á malbikuðu bílastæði við gestastofuna.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Malarrifi má sjá hér: <https://map.is/base/@271361,478517,z10,0>.



17. mynd. Á Malarrifi er gestastofa Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls (vinstra megin við miðja mynd) og er staðurinn vinsæll áningarstaður ferðamanna. Ljós. með dróna: Róbert A. Stefánsson, 20. ágúst 2021.



18. mynd. Gestastofa Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls á Malarrifi (til vinstri) og nýmalbikuð bílastæði, sem auðvelda móttöku gesta. Ljósmynd með dróna: Róbert A. Stefánsson, 20. ágúst 2021.

Svalpúfa/Þúfubjarg í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli er sérstakt og óvenjufalllegt fuglabjarg, að mestu gert úr ljósu bergi (19. mynd). Í bjarginu eru ritur mest áberandi en þó verpa þar einnig svartfuglar og fýlar. Frá Svalpúfu er frábært útsýni að Lóndröngum. Á Svalpúfu er rýrt graslendi ráðandi en gengið er út í hraun á gönguleiðinni þaðan að Lóndröngum. Svalpúfa er vinsæll áningarstaður ferðamanna. Ecoraster plastgrindur hafa verið lagðar á göngustíga til að binda þá og þrír útsýnispallar byggðir á bjargbrún. Gróður svæðisins virðist þola umferð ferðamanna og var ekki að sjá skemmdir af þeirra völdum. Vestan við aðalgönguleiðina upp á þúfuna er mjög uppblásið svæði en ólíklegt er að það hafi nokkuð með umferð ferðamanna að gera. Engu að síður er æskilegt að græða það svæði upp.

Svæðið fékk 9,09 í ástandsmati Umhverfisstofnunar árið 2020 en til að svæði standi vel þarf það að ná a.m.k. 8 í einkunn:

<https://ust.is/library/sida/Nattura/%c3%81standsmat%20fer%c3%b0amannasta%c3%b0a%20innan%20fri%c3%b0l%c3%bdstra%20sv%c3%a6%c3%b0a-2020%20yfirlestur.pdf>

Ljósmyndir (326 stk.) fyrir loftmyndakort af Svalpúfu og Lóndröngum voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 100 metrar yfir brottfararstað á bílastæði við Svalpúfu.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Svalpúfu má sjá hér: <https://map.is/base/@272709,479095,z11,0>.



19. mynd. Svalpúfa/Þúfubjarg. Á myndinni til vinstri er horft í norðvestur, þar sem Purkhóla ber við himin. Til hægri er horft í norðvestur að Þúfubjargi. Bilastæði við veg í baksýn vinstra megin. Ljós. með dróna: Róbert A. Stefánsson, 31. júlí 2020 (t.v.) og 20. ágúst 2021 (t.h.).

Jökulháls er malarvegur nr. 570 yfir fjallgarðinn austan við Snæfellsjökul á milli Arnarstapa og Ólafsvíkur. Vegurinn liggur rétt utan við þjóðgarðsmörkin og er ófær stóran hluta ársins. Akstur utan vega er ekki verulegt vandamál í þjóðgarðinum sjálfum en á Jökulhálsi eru á nokkrum stöðum greinileg og ljót ummerki um slíkt (20. og 21. mynd). Þótt Jökulháls sé formlega séð ekki hluti af þjóðgarðinum myndar hann landslagsheild með landi þjóðgarðsins og getur slæm umgengni þar haft neikvæð áhrif á upplifun gesta af þjóðgarðinum. Svo virðist sem heldur hafi dregið úr utanvegaakstri á síðustu árum, því stór hluti af ummerkjum um hann virtust ekki nýleg (20. og 21. mynd). Á einum stað voru þó fersk ummerki um grófan utanvegaakstur (22. mynd), sem bendir til að enn megi auka fræðslu um langvarandi neikvæð áhrif utanvegaaksturs.



20. mynd. Merki um mikinn utanvegaakstur á Jökulhálsi, sem virðast þó ekki ný. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 20. ágúst 2021.



21. mynd. Merki um mikinn utanvegaakstur á Jökulhálsi, sem virðast þó ekki ný. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 20. ágúst 2021.



22. mynd. Áberandi merki um nýjan utanvegaakstur á Jökulhálsi. Einnig má sjá eldri og daufari för eftir bíla. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 20. ágúst 2021.

Á leið yfir Jökulháls var komið við hjá Sönghelli. Það svæði hefur látið nokkuð á sjá vegna ágangs ferðamanna og væri æskilegt að bæta innviði til að hlífa svæðinu, þar á meðal bílastæði og göngustíga (23. mynd).

Vegna þoku voru ekki aðstæður til drónamyndatöku fyrir loftmyndakort. Loftmynd Loftmynda ehf. af Jökulhálsi má sjá hér: <https://map.is/base/@276767,487033,z10,0>.



23. mynd. Sönghellir við Jökulháls. Stapafell í baksýn. Vinstra megin á myndinni má sjá bíl á bílastæðinu. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 20. ágúst 2021.

Áningarstaður og foss við Selvallavatn: Vegagerðin útbjó ágætan áningarstað við Vatnaleið þegar vegurinn var lagður í byrjun aldarinnar. Þaðan er fallegt útsýni yfir Selvallavatn og Berserkjahraun og sést einnig yfir í Hraunsfjörð, Seljafjörð og Urthvalafjörð. Þúsundir ferðamanna stoppa þarna árlega og ganga niður á mel fyrir neðan til að fá betra útsýni. Þar er fallegur foss og tveir minni fossar neðar í ánni. Engir skilgreindir göngustígar eða slóðir eru á svæðinu, sem mjög hefur látið á sjá á undanförunum árum. Svæði þarna í kring eru illa farin af beit og hefur talsverð gróður- og jarðvegseyðing þegar orðið (24. mynd), bæði innan þess svæðis sem ferðamenn fara um og utan. Umferð ferðamanna hefur flýtt mjög fyrir gróðureyðingunni þar sem þeir fara mest um og er brýnt að afmarka gönguleiðir sem þeir eiga að halda sig á, áður en meiri skaði verður á svæðinu og umgjörð fossins.

Ljósmyndir (220 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna líkt og árið 2020. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 50 metrar yfir brottfararstað á bílastæði.

Loftmynd Loftmynda ehf. af áningarstaðnum má sjá hér: <https://map.is/base/@315437,499217,z11,0>.



24. mynd. Áningarstaður við Selvallavatn hjá Vatnaleið á Snæfellsnesi. Sjá má útbreidda gróðureyðingu og net troðninga. Falleg fossaröð neðarlega til hægri. Ljósmynd með dróna: Róbert A. Stefánsson, 18. ágúst 2021.

Skonsur (einnig kallaðar Skonsudalur) við Horn eru óvenjufallegar móbergsmýndanir á milli Selvallavatns og Hraunsfjarðarvatns á Snæfellsnesi. Þessi staður og allt umhverfi Horns (25. mynd) hefur notið aukinna vinsælda, enda stutt að ganga frá vegslóða sem lagður var vegna byggingar stíflu Hraunsfjarðarvatns við gerð Múlavirkjunar. Af samfélagsmiðlum að dæma hafa vinsældir aukist undanfarin ár en svæðið er viðkvæmt fyrir umferð. Skoðun sumarið 2020 leiddi í ljós að nokkur gróður- og jarðvegseyðing hefur orðið á svæðinu undanfarin ár en lítið er þó til af haldbærum gögnum um það (mögulega má nýta eldri ljósmyndir). Fjöldi ferðamanna á svæðinu er enn lágur en svæðið, bæði berg og gróður, er viðkvæmt fyrir átroðningi. Líklega er ekki ástæða til harðra viðbragða enn sem komið er en leitast ætti við að beina fólki ekki inn á þetta svæði. Svæðið var heimsótt aftur í september 2021 til að endurtaka myndatöku fyrir myndkort af svæðinu.

Ljósmyndir (325 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 100 metrar yfir brottfararstað á bílastæði á hálsinum norðan við Vatnafell.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Skonsum má sjá hér: <https://map.is/base/@314958,497880,z11,0>.



25. mynd. Fjallið Horn til vinstri og Skonsur fyrir miðri mynd. Fjær sér í Bjarnarhafnarfjall og til Breiðafjarðar. Ljós. með dróna: Róbert A. Stefánsson, 22. september 2021.

Landbrotalaug í Hnappadal: Lítil heit laug í Eldborgarhrauni. Var áður „leyndarmál“ heimamanna en öðlaðist miklar vinsældir eftir að hafa ratað á samfélagsmiðla og í bók um heitar laugar. Tveir til þrír geta verið í lauginni á hverjum tíma og útbjuggu heimamenn frumstæða baðaðstöðu með heitu vatni skammt frá til að beina álaginu frá náttúruleuginni (26. mynd). Sumarið 2020 var sett upp skilti við inngang að svæðinu sem sagði að laugin væri lokað af heilbrigðisástæðum. Nýtt skilti var komið upp í ágúst 2021 sem sagði að lokað væri vegna smithættu („Lokað vegna smithættu – closed because COVID-19“). Þó var hægt að ganga að lauginni og baða sig í henni því lítið eða ekkert eftirlit er á svæðinu. Ágætur stígur liggur að tilbúnu lauginni en stikla þarf á steinum yfir tjörn til að komast að náttúruleuginni. Ruslatunna er skammt frá laugunum en líkt og þegar komið var á svæðið í júní 2020 var rusl á víð og dreif í kringum yfirfulla tunnuna. Svæðið var heimsótt tvisvar sumarið 2020 og einu sinni 2021. Sjö manna erlend fjölskylda baðaði sig í tilbúnu lauginni þegar Náttúrustofan heimsótti svæðið 18. ágúst 2021. Vatnshiti náttúruleugarinnar var 39,9-40,0°C og tilbúinnar laugar 33,4-39,9°C. Þrátt fyrir framangreint var náttúra svæðisins í ágætu ásigkomulagi sumurin 2020 og 2021.

Ljósmyndir (228 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 30 metrar yfir brottfararstað við náttúrulegina.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Landbrotalaug má sjá hér: <https://map.is/base/@342598,485446,z11,0>.



26. mynd. Landbrotalaug í Eldborgarhrauni. Náttúrulaug (t.v.) og tilbúin laug skammt frá (t.h.). Ljós. Róbert A. Stefánsson, 18. ágúst 2021.

Rauðamelslaug (einnig kölluð Sturlungalaug og Guðmundarlaug) við Syðri-Rauðamel í Hnappadal. Laugin er nokkuð vel falin og afskekkt en þó er auðveldlega hægt að aka alveg að henni í gegnum tvö hlið við Syðri-Rauðamel. Laugin sjálf hefur verið „lagfærð“ til að hún henti betur til baða (27.-28. mynd). Talsvert votlendi er á þessu svæði (29. mynd) í bland við nútímahraun og jarðhiti einnig á yfirborði þétt upp við bílastæði (30. mynd). Eitthvað af ferðamönnum fer í laugina en fjöldinn er líklega enn hóflegur.

Ljósmyndir (209 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 70 metrar yfir brottfararstað á bílastæði. Myndataka 16. ágúst misheppnaðist (of dimmt var orðið) og var því endurtekin 18. ágúst.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Rauðamelslaug má sjá hér: <https://map.is/base/@344394,489508,z11,0>.



27. mynd. Rauðamelslaug í Hnappadal. Syðri-Rauðamelur í baksýn. Vatnshiti 39,0-39,7°C. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 16. ágúst 2021.



28. mynd. Útfellingar við Rauðamelslaug. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 16. ágúst 2021.



29. mynd. Votlendi um 200 m austan við Rauðamelslaug í Hnappadal. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 16. ágúst 2021.



30. mynd. Votlendi með jarðhita örfáum metrum frá bílastæði við Rauðamelslaug. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 16. ágúst 2021.

Eldborg í Hnappadal er formfagur og áberandi gosgígur í Eldborgarhrauni við mynni Hnappadals (31. mynd). Gengið er að gígnum frá bænum Snorrastöðum eftir troðningi í gegnum birkikjarr. Umhverfisstofnun áætlað að í meðalári gangi 30-50 þúsund gestir að Eldborg en að árið 2020 hafi þeir verið aðeins um 7 þúsund. Stígar eru langleiðina fremur frumstæðir en þjóna ágætlega sínum tilgangi.

Geta þó orðið hálir í bleytu. Á allra síðustu árum hafa verulegar endurbætur verið gerðar á erfiðasta hluta gönguleiðarinnar, þ.e. upp á Eldborgina sjálfa, þar sem hlaðnar hafa verið mjög smekklegar tröppur úr efni úr umhverfinu. Framkvæmdin auðveldar mjög uppgöngu og fellur vel að umhverfi sínu (32. mynd).

Svæðið fékk 8,94 í ástandsmati Umhverfisstofnunar árið 2020 en til að svæði standi vel þarf það að ná a.m.k. 8 í einkunn:

<https://ust.is/library/sida/Nattura/%c3%81standsmat%20fer%c3%b0amannasta%c3%b0a%20innan%20fri%c3%b0l%c3%bdstra%20sv%c3%a6%c3%b0a-2020%20yfirlestur.pdf>

Sjá nánar um Eldborg: <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/vesturland/eldborg-i-hnappadal/>

Ljósmyndir (327 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 70 metrar yfir brottfararstað uppi á Eldborg.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Eldborg má sjá hér: <https://map.is/base/@342188,481428,z10,0>.



31. mynd. Eldborg í Hnappadal. Rannsakandi á brún gígsins við enda göngustígs, sem sést neðarlega til hægri. Ljós. með dróna. Róbert A. Stefánsson, 16. ágúst 2021.



32. mynd. Eldborg í Hnappadal. Vel heppnaður nýr og hlaðinn göngustígur við uppgöngu Eldborgar. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 16. ágúst 2021.

Straumsfell (áningarstaður). Við blindhæð á þjóðveginum undir Straumsfelli er vinsæll áningarstaður ferðamanna sem leið eiga um Skógarströnd á milli Stykkishólms og Búðardals. Þaðan er fallett útsýni yfir eyjarnar í mynni Hvammsfjarðar og út að Stykkishólmi. Þarna hefur verið komið fyrir einu tréborði (gengið er að því yfir veginn frá útsýnisstaðnum) en að öðru leyti er engin aðstaða á staðnum og svæðið nokkuð troðið, þótt átroðningur sé bundinn við tiltölulega afmarkað svæði (33. mynd). Bílum er lagt úti í kanti eða ekið út á lítið „stæði“. Þegar margir stoppa þarna á sama tíma getur skapast umferðarhætta.

Ljósmyndir (184 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 40 metrar yfir brottfararstað hjá tréborði ofan vegar.

Loftmynd Loftmynda ehf. af áningarstaðnum má sjá hér: <https://map.is/base/@334240,509335,z11,0>.



33. mynd. Áningarstaður við Straumsfell á Skógarströnd. Frá staðnum er gott útsýni yfir eyjarnar í mynni Hvammsfjarðar.
Ljós. Róbert A. Stefánsson, 18. ágúst 2021.

Grábrók í Norðurárdal í Borgarfirði er formfagur klepragígur og friðlýstur sem náttúruvætti. Fyrir nokkrum árum var ástand svæðisins mjög slæmt og skemmdir höfðu orðið á jarðminjum og gróðri. Framkvæmdir á vegum Umhverfisstofnunar hafa á undanförunum árum valdið umskiptum í ástandi svæðisins og fékk svæðið 9,49 í einkunn í ástandsmati stofnunarinnar árið 2020 en til að svæði standi vel þarf það að ná a.m.k. 8 í einkunn:

<https://ust.is/library/sida/Nattura/%c3%81standsmat%20fer%c3%b0amannasta%c3%b0a%20innan%20fri%c3%b0l%c3%bdstra%20sv%c3%a6%c3%b0a-2020%20yfirlestur.pdf>.

Breytingin er einkum tilkomin vegna stórbættra innviða (34. mynd) og betri stjórnun umferðar.

Veðurspá stóðst ekki þennan dag og þurfti að hætta við kortmyndagerð vegna rigningar.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Grábrók má sjá hér: <https://map.is/base/@379247,476922,z10,0>.



34. mynd. Grábrók í Borgarfirði er náttúruvætti, þar sem innviðir hafa verið stórbættir á undanförunum árum. Þetta auðveldar göngu um svæðið og hlífir jarðminjum. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 21. ágúst 2021.

Lambeyrarkvísl í Borgarfirði (sjá forsíðumynd) er sérstætt lindasvæði í Skógarhrauni norðan Hvítár (<https://www.ni.is/greinar/ve-lambeyrarkvisl>). Svæðið er aðeins aðgengilegt með talsverðri göngu og var því skoðað með dróna sem settur var á loft sunnan Hvítár. Svæðið virðist mjög lítið heimsótt og er að því er virðist nær óraskað (35. mynd). Sumarið 2020 var rannsóknabúnaður nokkuð áberandi á svæðinu en hann hafði verið fjarlægður án sýnilegra ummerkja í ágúst 2021 (36. mynd).

Ljósmyndir (333 stk.) fyrir loftmyndakort voru teknar með dróna. Skörun á milli mynda fram-aftur var 80% og til hliðar 70%. Flughæð var 100 metrar yfir brottfararstað á suðurbakka Hvítár gegnt ósi Lambeyrarkvíslar.

Loftmynd Loftmynda ehf. af Lambeyrarkvísl má sjá hér: <https://map.is/base/@404428,468655,z10,0>.




35. mynd. Lambeyrarkvísl í Borgarfirði er óvenjulega óspillt kerfi kaldra linda, sem einkennist m.a. af birkiskógi og hrauni. Grunnvatnsmarflær hafa fundist þar. Ljós. með dróna. Róbert A. Stefánsson, 21. ágúst 2021.



36. mynd. Í Lambeyrarkvísl í Borgarfirði finnast dvergbleikjur og sömuleiðis nýtir sjóbleikja úr Hvítá (til hægri) Lambeyrarkvísl til hrygningar. Ljós. með dróna. Róbert A. Stefánsson, 21. ágúst 2021.

Ábúð refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Tilgangur: Að kanna fjölda og staðsetningu refagrenja í ábúð í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.



37. mynd. Appelsínugular doppur sýna staðsetningu þekktra refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Framkvæmd

Þekkt refagreni í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli voru heimsótt dagana 9., 10. og 15. júlí. Lagt var mat á það hvort þau væru í notkun (ábúð), auk þess sem ummerki og fæðuleifar voru skráð. Einnig voru skráðir þeir refir sem sáust. Verkefnið og niðurstöður þess byggja ofan á gagnasafn sem nær aftur til ársins 1989.

Helstu niðurstöður

Skilgreind greni í Þjóðgarðinum eru 25 talsins (37. mynd). Það gefur þó ekki rétta mynd af stöðunni, því hvert grenjanna eru í raun nokkrir staðir sem kannaðir eru. Stundum eru þeir með nokkurra metra millibili en í öðrum tilfellum geta verið hundruð metra á milli. Eitt af grenjunum eru í raun 11 mismunandi staðir sem dreifast um allstórt svæði, sem réttara væri að skilgreina sem tvö eða fleiri mismunandi greni. Í nokkrum tilfellum hefur orðið hefð að tala um „aukagreni“, þegar þau liggja nokkuð frá aðalgreninu. Árið 2020 var útbúin grenjaskrá og myndir af hverju þeirra settar í myndagrunn verkefnisins. Sumarið 2021 voru þrjú greni í ábúð (1 árið 2020), sem er nálægt meðaltali síðustu tveggja áratuga. Síðustu 20 ár hefur fjöldinn sveiflast frá 1 upp í 5 en svæðið er þess eðlis að líklega eru mörg greni óuppgötvuð. Mikilvægt er að halda áfram að vakta ábúð refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, bæði til að hafa metil á stofnsveiflur í Þjóðgarðinum og til að nota sem viðmið við rannsóknir á Hornströndum.

Mófuglar í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Tilgangur: Að vakta tegundasamsetningu og þéttleika mófugla í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.

Framkvæmd

Tegundasamsetning og þéttleiki mófugla var metinn á þremur sniðum á láglendi Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls (35. mynd). Notast var við eitt eldra snið sunnan við Gufuskála, sem einnig var talið sumurin 2012-2017 og 2020, og lögð út tvö snið til viðbótar (við Hólahóla og Purkhóla) í samræmi við aðferðafræði Natura Ísland verkefnisins, sem hófst árið 2012. Aðferðinni er lýst í skýrslunni *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*.³ Þar segir m.a. á bls. 17:

„Notaðar voru svokallaðar punktmælingar til að meta þéttleika fugla út frá Distance-aðferðinni (Buckland o.fl. 2001). Í punktmælingu skráir athugandi alla fugla sem hann verður var við á 5 mínútum á tilteknum stað. Athugandi greinir tegundina, ákvarðar út frá atferli hvort viðkomandi einstaklingur er varpfugl eða ekki og metur fjarlægð í fuglinn. Allt þetta er skráð á sérstök eyðublöð.“


Til viðbótar við aðferðina sem þá var beitt, þá var fjarlægðarmælir notaður til að mæla fjarlægð í alla fugla sem sást en jafnframt skráðir allir fuglar sem aðeins heyrðist í.

Þegar Purkhólasniðið var talið þann 6. júní kom í ljós að hluti þess (Svartahraun) var afar torfær og varasamur yfirferðar. Var því metið sem svo að það snið hentaði illa til vöktunar og sniðinu því speglað til vesturs og það talið á ný þann 12. júní.

³ Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson & Svenja N.V. Auhage. 2016. Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi.

Helstu niðurstöður

Á talningarsniðinu sunnan við Gufuskála (SV01-1) voru skráðar 54 athuganir þann 4. júní og við Hólahóla (VN-26-48) 73 athuganir 7. júní. Við Purkhóla (VN-27-48) voru tvö samliggjandi snið. Það eystra var talið 6. júní og skráðar 52 athuganir en það vestara talið 12. júní og skráðar 47 athuganir.



38. mynd. Mófuglar voru taldir á sniðum í bjóðgarðinum Snæfellsjökli. Hvert snið innihélt 16 talningarstaði með 300 metra millibili. Syðsta sniðið (við Purkhóla) reyndist að hluta mjög torfært, þar sem það náði upp á Svartahraun. Eftir talningu þess var ákveðið að það hentaði illa til vöktunar og var því útbúið nýtt talningarsnið vestan megin við það, sem talið var nokkrum dögum síðar og verður notað til framtíðarvöktunar.

Bjargfuglar á Snæfellsnesi og Breiðafirði

Tilgangur: Að vakta breytingar á fjölda varpfugla og varpárangri bjargfugla á Snæfellsnesi og Breiðafirði á milli ára, m.a. til að varpa ljósi á tengsl fjölda og hegðunar ferðamanna við breytingar á fjölda og varpárangri bjargfugla.

Framkvæmd


Bjargfuglar voru ljósmyndaðir og taldir á sniðum á Snæfellsnesi við Arnarstapa, í Þúfubjargi, Saxhólsbjargi og Vallnabjargi og á Breiðafirði í Hvítabjarnarey, Þórishólma og Elliðaey. Staðirnir voru heimsóttir tvisvar yfir sumarið, fyrst í lok júní til að meta varpstofninn og í lok júlí til að meta varpárangur. Nánari lýsingu á aðferðum má finna í skýrslum um bjargfuglavöktun á landsvísu.⁴ Til viðbótar þeirri aðferðarlýsingu, þá er notast við dróna til ljósmyndunar á nokkrum sniðum á Snæfellsnesi til að draga úr hættu fyrir starfsfólk. Þetta er gert með leyfi Þjóðgarðsvarðar/Umhverfisstofnunar.

Vettvangsvinna er unnin í samvinnu við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi.

Helstu niðurstöður

Náttúrustofa Vesturlands vann ekki úr niðurstöðunum, enda var það ekki hluti af verkáætlun 2021. Gögn voru send til Yanns Kolbeinssonar hjá Náttúrustofu Norðausturlands. Hann telur af myndum og nýtir gögnin í mati á stofnbreytingum og varpárangri bjargfugla á landsvísu. Eftir langvarandi erfitt tímabil hjá sjófuglum frá 2003-2017 hefur þeim almennt gengið betur allra síðustu ár.⁵

39. mynd. Rituvarpið í Hvítabjarnarey á sunnanverðum Breiðafirði er eitt þeirra varpa sem heimsótt er í vöktun bjargfugla. Ljós. Róbert A. Stefánsson, 23. júní 2021.



⁴ Yann Kolbeinsson, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Cristian Gallo, Erpur Snær Hansen, Jón Einar Jónsson, Róbert Arnar Stefánsson, Sindri Gíslason og Arnþór Garðarsson 2019. Vöktun bjargfuglastofna 2017 – 2019. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1906.

⁵ Yann Kolbeinsson 2021. Bjargfuglavöktun 2020 – 2022. Áfangaskýrsla 2021. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-2006.

Fuglalíf á Mýrum og í Andakíl

Tilgangur: Að vakta breytingar á fuglalífi á mikilvægum og aðgengilegum fuglasvæðum á Mýrum og í Andakíl. Til samanburðar eru talningar við Blautós og í Grunnafirði á vegum NÍ.

Framkvæmd

Aðgengileg svæði á vötnum og með ströndinni á Mýrum voru talin þrisvar sinnum árið 2020, þ.e.a.s. undir lok maí, lok júlí og lok ágúst. Árið 2021 voru sömu svæði talin á sömu tímum og auk þess var tveim talningardögum bætt við. Talningar fóru því fram um mánaðamótin apríl-maí (ný), miðjan maí (einnig 2020), mánaðamót maí-júní (ný), miðjan júlí (einnig 2020) og ágústlok (einnig 2020); samtals 5 talningar. Á sömu tímum voru gerðar talningar á leirum Ramsarsvæðisins í Andakíl eftir svæðaskiptingu og aðferðafræði Stroud & Tierney⁶ en engar talningar voru gerðar á því svæði sumarið 2020. Svenja Auhage hjá Náttúrufræðistofnun Íslands gerði sambærilegar talningar við Blautós (líkt og 2020) og á Ramsarsvæðinu í Grunnafirði (nýtt talningarsvæði), sem bera má saman við talningar á Mýrum og í Andakíl. Tíðni talninga í Grunnafirði og við Blautós var meiri en á öðrum svæðum og var þar samtals talið 12 sinnum árið 2021. Auk sömu talningartíma og á Mýrum og í Andakíl var þar líka talið í byrjun apríl og um miðja mánuðina apríl, júní, ágúst, september, október og nóvember. Vorið 2022 er stefnt á að bæta við tveim talningum á Mýrum og í Andakíl fyrr um vorið (sjá 1. töflu).



40. mynd. Ramsarsvæðið í Andakíl og á Hvanneyri inniheldur mikilvæg búsvæði blesgæsar og fjölmargra annarra tegunda sem m.a. nýta leirur og flæðiengjar svæðisins. Ljós. með dróna. Róbert A. Stefánsson, 5. ágúst 2021.

⁶ Stroud, R. & Tierney, N. (2017). Survey Handbook: Andakill. Ramsar Bird Monitoring Programme. Landbúnaðarháskóli Íslands: https://andakillbirdmonitoring2017.files.wordpress.com/2017/12/andakillramsar_surveyhandbook_v11.pdf.

1. tafla. Fuglatalningar á strandsvæðum á sunnanverðu Vesturlandi. Talningar við Blautós og Grunnafjörð voru framkvæmdar af starfsmanni Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Talning nr.	2020			2021		
	Blautós	Mýrar	Andakíll	Blautós/Grunnafjörður	Mýrar	Andakíll
1				9.4.2021		
2				23.4.2021		
3				6.5.2021	3.5.2021	3.5.2022
4	26.5.2020	25.5.2020		21. og 23.5.2021	16.5.2021	18.5.2021
5				3.6.2021	1.6.2021	31.5.2021
6				14.6.2021		
7	28.7.2020	28.7.2020		21.7.2021	6.8.2021	5.8.2021
8				12.8.2021		
9	27.8.2020	3.9.2020		1. og 3.9.2021	28.8.2021	29.8.2021
10				17.9.2021		
11				11.10.2021		
12				17.11.2021		
Fjöldi talninga	3	3	0	12	5	5

Helstu niðurstöður

Á Mýrum voru í heildina skráðar 54 tegundir á skilgreindum talningarstöðum en 35 í Andakíl. Á Mýrum var heildarfjöldi fugla mestur um miðjan maí en í lok ágúst í Andakíl (2. tafla).

2. tafla. Samanteknar niðurstöður fuglatalninga á Mýrum og í Andakíl sumarið 2021.

Samantekt	Mýrar					Andakíl				
	1. talning	2. talning	3. talning	4. talning	5. talning	1. talning	2. talning	3. talning	4. talning	5. talning
Tegund	3.5.2021	16.5.2021	1.6.2021	6.8.2021	28.8.2021	4.5.2021	18.5.2021	31.5.2021	5.8.2021	29.8.2021
Lómur	3	4	127	72	5		2		14	
Himbrimi			2	6			1			
Flórigoði			4	2						
Fýll			15							2
Dílaskarfur		9	1	2	3			2	10	4
Toppskarfur	24			34	1					
Álft		2	31	403	44				290	122
Heiðagæs			13							12
Blesgæs	2					10			27	
Grágæs	2	18	43	346		2		6	14	
Margæs	944	1550	284							
Brandönd	37	17	37	17	24	504	762	991	561	1439
Rauðhöfðaönd	20	6	21	33	19		2	2		1
Urtönd		2	5		1		5	3		638
Stökkönd	8	5	23	18	32		1	3	1	15
Skeiðönd			1	1						
Skúfönd	113	123	101	74	29					
Duggönd	2	2	5							
Æður	116	120	174	128	217		3			
Toppönd	4		43	70	74	7		1	59	32
Gulönd		2								
Hvinönd		1	1		1					
Haförn	4					2	1	2	1	
Smyrill				1				1		
Fálki			2	1						
Rjúpa	1									
Tjaldur	250	126	238	652	721	192	105	22	17	10
Sandlóa	259	547	32	264	27	267	331	26	158	4
Heiðlóa	183	118	6	306	256	113	15	16	1177	896
Rauðbrystingur	40	2258	7	63			5	1	8	
Sanderla		116								
Lóupræll	1117	2887	1347	2061	2972	675	944	599	582	270
Hrossagaukur			9							
Jaðrakan	116	141	41	84	80	474	386	10	75	158
Spói	2	6	19	22	9			1	23	
Stelkur	516	314	215	169	408	493	463	422	368	187
Tildra	23	58	4	23	23		13	6	66	26
Óðinshani		5	93					5	9	
Kjói	2		7	5	3		1		2	
Hettumáfur	163	132	223	839	414	422	112	143	91	304
Stormmáfur						2			51	4
Sílamáfur	78	72	201	106	238	7	13	21	20	54
Silfurmáfur	1		1		3					1
Bjartmáfur	1									
Hvítmáfur	1		9	3	28				1	
Svarfbakur	48	39	136	72	53	2		3	8	9
Rita		41	66	116						
Kría		343	538	508	15		137	165	56	
Teista		2	5	5						
Brandugla			1							
Þúfuttlingur		1	5	2						
Maríuerla	4	2	6	5						
Steindepill	1									
Hrafn	3	1	1	4			2	2		
Stari			1							
Fjöldi tegunda	33	34	45	36	27	15	21	24	26	21
Fjöldi einstaklinga	4.088	9.070	4.144	6.517	5.700	3.172	3.304	2.453	3.689	4.188

Blesgæsir á Hvanneyri

Tilgangur: Hvanneyri og nágrenni er mikilvægasta svæði blesgæsa á Íslandi en fuglarnir fara um Ísland og bæta á sig fituforða fyrir farflug og varp á norrænum varpstöðvum. Engin formleg vöktun tegundarinnar fer fram hér á landi en tilgangur verkefnisins er að fá mælikvarða á fjölda blesgæsa sem nýta Hvanneyri á leið sinni til og frá norrænum varpstöðvum.

Framkvæmd

Talningar fóru fram á Hvanneyri dagana 3. maí og 1. október 2021. Ákvörðun um verkefnið lá seint fyrir og fór vortalning því líklega fram eftir að hámarksfjöldi gæsa var náð, sbr. netsíðu um vöktun fugla á Hvanneyri og í Andakíl⁷. Einnig var ekið um Mýrar og allar blesgæsir sem sáust taldar.

Helstu niðurstöður

Þann 3. maí sáust 736 blesgæsir á Hvanneyri og 735 á Mýrum en 1. október voru 1.047 blesgæsir á Hvanneyri og 1.471 á Mýrum. Sömu leiðis var lesið á merki 6 einstaklinga í hvorri talningu og niðurstöður sendar á fuglamerki@ni.is og til Anthony Fox, sem rannsakar blesgæsir.

Að lokum

Á heildina séð gekk framkvæmd verkefna vel en óhagstætt veðurfar setti þó oft strik í reikninginn vegna þess hve mörg verkefnanna eru veðurháð. Að lokum tókst þó að klára gagnasöfnun.



41. mynd. Akraós á Mýrum er mikilvægt búsvæði fyrir vaðfugla og fleiri fuglategundir. Það var eitt af talningarsvæðum Náttúrustofunnar sumrin 2020 og 2021. Ljós. með dróna. Róbert A. Stefánsson, 15. maí 2021.

⁷ <https://public.tableau.com/app/profile/rachel.stroud1254/viz/GreenlandWhite-frontedGeeseHvanneyri2017/Dashboard1>